




Planið Framvinda

2013 H1

Hagmál
29. ágúst 2013



EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
2 Mælaborð	4
2.1 Heildarárangur	4
2.2 Áhrif ytri breyta	5
2.3 Frestun fjárfestinga í fráveitu	6
2.4 Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	7
2.5 Lækkun annarra fjárfestinga	9
2.6 Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	10
2.7 Lækkun rekstrarkostnaðar	11
2.8 Eignasala	13
2.9 Víkjandi lán frá eigendum	15

1 INNGANGUR

- Skýrsla þessi spannar tímabilið 2011-2013 H1. Aðgerðaáætlun eigenda og OR „Planið“, fór formlega í gang í byrjun apríl 2011 og eru framvinda og töluleg gögn talin til 30. júní 2013. Í **töflu 1** má sjá yfirlit yfir aðgerðir Plansins.
- Planið er forgangsverkefni hjá OR og er mikil áhersla lögð á að bæta sjóðstreymi m.a. með því að finna sparnaðarleiðir og byggja upp „sparnaðarmenningu“ innan fyrirtækisins.
- Mælaborð í skýrslunni sýnir rauntölur árána 2011 til 2013 H1 í samanburði við Planið, uppsafnað og á ársgrundvelli. Í mælaborðinu er notast við súlurit og töflu þar sem árangur er auðkenndur með grænum, gulum og rauðum litum.

Tafla 1

Aðgerðir	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Alls
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	✓ 1.205	✓ 3.518	2.690	2.518	2.410	2.659	15.000
Eignasala	✓ 1.000	✗ 2.000	5.100	1.900			10.000
Lækkun rekstrarkostnaðar	✓ 300	✓ 900	900	900	1.000	1.000	5.000
Lækkun annarra fjárfestinga	✓ 250	✓ 200	200	200	200	200	1.250
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu		✓ 2.000	900		-2.000	-900	0
Samtals	✓ 2.755	✓ 8.618	9.790	5.518	1.610	2.959	31.250
Víkjandi lán frá eigendum	✓ 8000		4.000				12.000
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	✓ 1122	✓ 1552	1.215	1.295	1.330	1.499	8.013
Samtals	✓ 9.122	✓ 1.552	5.215	1.295	1.330	1.499	20.013
Samtals aðgerðaráætlun	✓ 11.877	✓ 10.170	15.005	6.813	2.940	4.458	51.263

2 MÆLABORÐ

2.1 HEILDARÁRANGUR VERKEFNISINS


	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	8.978.-	31.025.-	51.263.-
Árangur (m.kr)	8.873.-	32.738.-	32.738.-

Heildarárangur Plansins árið 2013 H1 er 104 mkr. undir markmiðum tímabilsins. Mestur árangur er í lækkun rekstrarkostnaðar auk þess sem flestir þættir verkefnisins ganga vel eins og sjá má í **töflu 2** að eignasölu undanskilinni. Einstakir liðir Plansins eru skýrðir nánar í næstu köflum. Eins og sjá má á **mynd 1** náðist markmið tímabilsins 2011-2013 H1 en aðgerðir skiluðu 5,5% betri árangri en gert var ráð fyrir.

Heildarárangur frá upphafi plansins er því 1.714 mkr. umfram markmið tímabilsins.

Áhrif ytri breyta eru jákvæð sem nemur 755 mkr. á fyrri árshelmingi 2013 og jákvæð sem nemur 287 mkr. á tímabilinu 2011-2013 H1. Nettó niðurstaða Plansins er því jákvæð sem nemur 651 mkr. umfram markmið fyrir 2013 H1 og 2.001 mkr fyrir tímabilið 2011-2013 H1.

Planið 2011 - 2013 H1



Mynd 1

Tafla 2

Planið	Planið 2013 H1	Raun 2013 H1	Planið 2011-2013H1	Raun 2011-2013H1
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	1.063	1.672	5.786	8.305
Eignasala	2.550	979	5.550	2.306
Lækkun rekstrarkostnaðar	406	774	1.606	2.408
Lækkun annarra fjárfestinga	79	129	529	922
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	356	424	2.356	2.574
Samtals	4.454	3.979	15.827	16.515
Víkjandi lán frá eigendum	4.000	4.000	12.000	12.000
Auknar tekjur vegna hækkun gjaldskrár	524	895	3.198	4.223
Samtals	4.524	4.895	15.198	16.223
Samtals aðgerðaráætlun	8.978	8.873	31.025	32.738

2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA 2013 H1

Tafla 3


Helstu forsendur	PLANID 2013 H1	Raun 2013 H1	Áhrif á sjóðstöðu mkr.	Uppsafnað 2011-2013 H1
Vísitala neysliverðs, breyting milli ára	2,20%	4,30%	219	739
Vísitala byggingarkostnaðar, breyting milli ára	2,20%	4,20%		
Gengisvísitala, meðaltal tímabils	216,3 stig	221,6 stig	792	325
Álverð, meðalverð tímabilsins	\$2.708	\$1.955	-818	-2.705
Meðalvextir	2,98%	1,90%	562	1.928
Samtals			755	287

- Ytri aðstæður, sem OR hefur ekki stjórn á, hafa mikil áhrif á ýmsa liði, sérstaklega fjármagnsliði. Þær markaðsbreytur sem hafa mest áhrif eru vaxtastig, gengisþróun, álverð og vísitölur.
- Þrátt fyrir að álverð hafi verið óhagstætt á tímabilinu þá hefur það ekki haft samsvarandi áhrif á sjóðstreymi þar sem að byggingar- og neyslúvísitölur ásamt vöxtum eru jákvæð á tímabilinu. Gengisvísitala hefur hækkað frá því sem áætlað var en innbyrðis þróun gjaldmiðla hafði hagfelld áhrif á afborganir lána frá því sem reiknað var með. Sjóðsstreymi er því um 755 mkr. betra en áætlun ársins gerir ráð fyrir.
- Áhrif ytri breyta á tímabilinu 2011-2013 H1 eru jákvæð um 287 mkr.

2.3 FRESTUN FJÁRFESTINGA Í FRÁVEITU

	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	356.-	2.356.-	0.-
Árangur (m.kr)	424.-	2.574.-	2.574.-

Fjárfesting fráveitu 2011 - 2013 H1




Mynd 2

- Frestun fjárfestinga í fráveitu um tvö ár leiðir til þess að 2,9 ma.kr. flytjast frá árunum 2012 og 2013 til 2015 og 2016. Heildarfjárfesting vegna fráveitu á fimm ára tímabili er því óbreytt en mun leiða til minni fjármagnskostnaðar á fyrri hluta tímabilsins. Tekjur af þessari fjárfestingu eru óverulegar þar sem aðallega er um stórt endurnýjunarverkefni á Vesturlandi að ræða.
- Þetta er afar mikilvægt þar sem stór gjalddagi afborgana var í lok apríl árið 2013, eða rúmlega 10 ma.kr.



2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM

Fjárfesting veitukerfum 2011-2013 H1



Mynd 3


	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	1.063.-	5.786.-	15.000.-
Árangur (m.kr)	1.672.-	8.305.-	8.305.-

- Fjárfestingarráð Veitna forgangsraðar öllum verkefnum eftir mikilvægi. Hver og ein tillaga fjárfestingaráðs þarf endanlegt samþykki Innkauparáðs.
- Á árinu 2013 er gert ráð fyrir að lækka fjárfestingar í veitukerfum um 2.690 mkr. Lækkun á fyrri hluta árs 2013 nam 1.672 mkr. Það er um 609 mkr. betri árangur en Planið gerir ráð fyrir. Á tímabili Plansins er árangurinn 8.305 mkr. eða 2.519 mkr. umfram áætlun.



2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM FRH.

Fjárfestingar í veitukerfum - miðlar



Mynd 4


- Árangri í lækkun fjárfestinga í veitukerfum má skipta niður á þrjá miðla, Rafmagn, Heitt- og kalt vatn. og hefur hver miðill skilað góðum árangri.
- **Mynd 4** sýnir framlag hvers miðils til lækkuna fjárfestinga í veitukerfum



2.5 LÆKKUN ANNARRA FJÁRFESTINGA

	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	79.-	529.-	1.250.-
Árangur (m.kr)	129.-	922.-	922.-


Lækkun annarra fjárfestinga 2011-2013 H1



- Heildarmarkmið ársins 2013 er lækkun annarra fjárfestinga um 79 mkr. Hér er um að ræða fjárfestingar t.d. í upplýsingakerfum og fasteignum. Lækkun fyrri hluta árs 2013 nemur 129 mkr. sem er 50 mkr. meira en gert var ráð fyrir.
- Á tímabili Plansins er árangurinn 922 mkr. eða 393 mkr. umfram markmið.



2.6 AUKNAR TEKJUR VEGNA LEIÐRÉTTINGAR GJALDSKRÁR



Mynd 6


	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	524.-	3.198.-	8.013.-
Árangur (m.kr)	895.-	4.223.-	4.223.-

- Markmið fyrir 2013 er að ná 1.215 mkr. tekjuaukningu. Fyrir tímabilið 2011-2013 H1 var markmiðið 3.198 mkr. Tekjuaukning hefur orðið 4.223 mkr. sem er 1.025 mkr. meira en áætlun gerði ráð fyrir. Skýringin er meiri hækkun vísitölu en spáð var.



2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR

	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	406.-	1.606.-	5.000.-
Árangur (m.kr)	774.-	2.408.-	2.408.-



Mynd 7


- Hagræðingarkrafa á rekstrarkostnað, fyrir utan orkukaup og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, er 5.000 mkr. á árunum 2011 til 2016. Á árinu 2013 H1 er gert ráð fyrir að lækkun rekstrarkostnaðar nemi um 406 mkr. Rekstrarkostnaður er 368 mkr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir á 2013 H1.
- Á tímabili Plansins er árangurinn 2.408 mkr. eða 802 mkr. betri árangur en áætlun gerði ráð fyrir.
- Kostnaður vegna gjaldfærslu áfallinnar lífeyrisskuldbindingar, breytingar orlofsskuldbindingar og afskrifta viðskiptakrafna var 62,8 mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þessir liðir hafa ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem um reiknaðar stærðir er að ræða.
- Mikil áhersla er á að auka kostnaðarvitund starfsfólks á öllum stigum rekstrar og er árangur að skila sér hraðar en áætlað var fyrir tímabilið.

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR FRH.

FÆKKUN STARFSFÓLKS - LAUNAKOSTNAÐUR


- Áætlað var að starfsfólki OR fækkaði um 90 manns á árunum 2011-2016.
- Markmiði um 90 starfsmanna fækkun var náð í lok febrúar 2012 sem er mun fyrr en gert var ráð fyrir.
- Starfsfólki samstæðu OR hefur fækkað um 188 frá árinu 2008 þegar mest var. Starfsmannafjöldinn þann 30. júní 2013 var 419 manns.
- Á árinu hefur fastráðnum starfsmönnum OR (móðurfélags) fækkað um 14. Þann 30. júní voru starfsmenn 386.
- Launakostnaður er 45 mkr. undir áætlun.
- Ekki er ráðið í stað þeirra sem láta af störfum nema að nauðsyn krefji. Starfsfólk flyst milli starfa innan OR eftir því sem þörf er á og vinna hefur verið lögð í lykilmannagreiningu og færniþörun.

Fastráðnir starfsmenn OR (móðurfélag) í virku starfi



Mynd 8

Fjöldi fastráðinna starfsmanna OR (samstæða) í tímabilslok.



Mynd 9

2.8 EIGNASALA

	2013H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr)	2.550.-	5.550.-	10.000.-
Árangur (m.kr)	979.-	2.306.-	2.306.-

Á fyrsta ársþingunni 2013 voru seldar eignir fyrir 979,6 mkr. Seldar voru fasteignir sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi OR fyrir 950 mkr. Auk þess sem ýmsir lausafjárnunir og efni voru seld fyrir um 29,6 mkr.


Tafla 4

	Söluverð m.kr.	Athugasemdir/staða
Fasteignir og jarðir		
Perlan	950,0	Greitt að fullu
Samtals fasteignir og jarðir	950 ,0	
Sala lausafjárnuna (efni, tæki)	29,6	Greitt að fullu
Eignasala Alls	979,6	

2.8 EIGNASALA, FRH.

Yfirlit yfir aðrar eignir í sölufjerli á árinu 2013

- Perlan. Gengið hefur verið frá sölu til Reykjavíkurborgar og hefur andvirðið verið grett að fullu.
- Bæjarháls. Borist hefur tilboð í höfuðstöðvar OR að Bæjarhálsi að fjárhæð 5,1 ma.kr. Tilboðið hefur verið samþykkt af stjórn og eigendum. Tilboðið er með fyrirvörum um áreiðanleikakönnun og fjármögnun. Þeim hefur ekki verið aflétt.
- Sölufjerli á hlut OR í HS Veitum hófst á öðrum ársfjórðungi 2012 og er enn í gangi.
- Verðmat á hlut OR í Landsneti er lokið og verið er að kanna möguleika á sölu.



Mynd 10

2.9 VÍKJANDI LÁN FRÁ EIGENDUM

	2013 H1	2011-2013 H1	2011-2016
Markmið (m.kr.)	4.000.-	12.000.-	12.000.-
Árangur (m.kr.)	4.000.-	12.000.-	12.000.-

Eigendur OR samþykktu að veita OR víkjandi lán, 8.000 mkr. í apríl 2011 og 4.000 mkr. á fyrsta ársfjórðungi 2013. Allir eigendur hafa uppfyllt sínar skuldbindingar.

